

Til frekari áréttingar á pósti sem sendur var 13. nóvember sl., með yfirskriftinni „Fyrirkomulag vegna skilgreindra stjórnunarstarfa hjá lektorum og dósentum“ vill Félag háskólakennara koma eftirfarandi á framfæri. Ákveðinn kennsluafsláttur er úthlutaður hverri deild Háskóla Íslands sem skipt er á þá akademísku starfsmenn deildanna, sem fara með stjórnunarstörf t.d. deildarforseta og námsbrautarstjóra. Deildunum er í sjálfsvald sett hvernig úthlutuðum heildarafslætti er skipt meðal starfsmanna.

Í meðfylgandi töflu má sjá útreiknaðan kennsluafsátt vegna deildarformennsku og/eða námsbrautarstjórnunar í deildum HÍ:

<b>Útreiknaður kennsluafsláttur vegna deildarformennsku og/eða námsbrautarstjórnunar</b>	
<b>Félagsvísindasvið</b>	<b>Tímar</b>
Félags- og mannvísindadeild	1.200
Félagsráðgjafardeild	600
Hagfræðideild	600
Lagadeild	800
Stjórn málafræðideild	600
Viðskiptafræðideild	1.000
<b>Heilbrigðisvísindasvið</b>	
Hjúkrunarfræðideild	800
Lyfjafræðideild	400
Læknadeild	1200
Matvæla- og næringarfræðideild	400
Sálfræðideild	600
Tannlæknadeild	400
<b>Hugvísindasvið</b>	
Deild erlendra tungumála, bókmennta og vísinda	1.000
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	400
Íslensku- og menningardeild	800
Sagnfræði- og heimspekideild	600
<b>Menntavísindasvið</b>	
Samtals MVS	3.000
<b>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</b>	
Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði	800
Jarðvísindadeild	400
Líf- og umhverfisvísindadeild	800
Rafmagns- og tölvunarfræðideild	400
Raunvísindadeild	800
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	400

Þær breytingar sem taka gildi um næstu áramót á starfsskyldum lektora og dósentna eiga við þau störf sem teljast viðbót við *eðlilegan* hluta starfsins og fyrir hana er greitt með afslætti á

kennsluskyldu. Það er hins vegar ítekað að sá kennsluafsláttur sem greiddur var áður vegna formennsku deildar og/eða stjórnunar námsbrautar heldur sér óbreyttur. Þá verður enn fremur greidd þóknun fyrir nefndarstörf utan sviða/deilda eins og verið hefur.

Meðfylgjandi dæmi A – D teljast viðbót við eðlilegan hluta starfs lektora og dósentna, sem taka að sér sérstök stjórnunarstörf sbr. „fyrirkomulag vegna skilgreindra stjórnunarstarfa hjá kennurum í Fh“ dags. 24. apríl 2013. Formennska vegna deildar og/eða stjórnunar námsbrautar er þar fyrir utan eins og fram kemur hér að ofan.

Núverandi kerfi	Nýtt kerfi			
	A	B	C	D
52% kennsla	50% kennsla	48% kennsla	47% kennsla	41% kennsla
6% stjórnun	0% stjórnun	2% stjórnun	3% stjórnun	9% stjórnun
425 rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir
	Engin	A hluta	A hluta	Sérverkefni
	stjórnunarstörf.	nefndarstörf	nefndarstörf	tímabundið
		32 stundir í	32 stundir í	128 stundir í
		kennsluafslátt.	kennsluafslátt.	kennsluafslátt.
			B hluta	B hluta
			nefndarstörf	nefndarstörf
			16 stundir í	16 stundir í
			kennsluafslátt.	kennsluafslátt.
		Möguleiki á aukinni yfirvinnu	Möguleiki á aukinni yfirvinnu	Möguleiki á aukinni yfirvinnu
<b>Kennsla alls á ári</b>	<b>Kennsla alls á ári</b>	<b>Kennsla alls á ári</b>	<b>Kennsla alls á ári</b>	<b>Kennsla alls á ári</b>
<b>833 stundir</b>	<b>801 stundir</b>	<b>769 stundir</b>	<b>753 stundir</b>	<b>657 stundir</b>

Þá vill Félag háskólakennara áréttta ennfrekar að haft verði samband við félagið ef upp koma ágreiningsmál eða vafamál, vegna túlkunar á fyrirkomulaginu og/eða kennsluafslættinum. Mun Félags háskólakennara leitast við að finna lausn á þeim málum. Ef á reynir mun Samráðsnefnd háskólaráðs og Fh um kjaramál skera úr um vafaatriði.